

# KYNNING Á EFNISTÖKU

Kynning á efnistöku úr námu við Garð, Skútustaðahreppi



apríl 2022

# Efnisyfirlit


<b>FORMÁLI</b>	<b>3</b>
<b>1. YFIRLIT</b>	<b>4</b>
1.1. ALMENNT	4
1.2. MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR	4
1.3. MATSSKYLDA	4
1.4. AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR	4
1.5. LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSAÐILAR	5
1.6. RANNSÓKNIR OG EFNISGÆÐI	5
1.7. SAMRÆMI VIÐ SKIPULAG	5
VERNDARSVÆÐI	6
LEYFISVEITENDUR	7
<b>2. STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI</b>	<b>8</b>
2.1. STAÐHÆTTIR	8
2.2. MANNVIRKI Í GRENND VIÐ FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ	8
<b>3. FRAMKVÆMDALÝSING</b>	<b>9</b>
3.1. EFNISMÁL	9
3.1.1. Efnistaka	9
3.2. FRAMKVÆMDATÍMI OG FRÁGANGUR	11
<b>4. UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR</b>	<b>13</b>
4.1. ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM	13
4.2. UMHVERFISÞÆTTIR SEM GETA ORÐIÐ FYRIR ÁHRIFUM	13
<b>5. MÖGULEG UMHVERFISÁHRIF</b>	<b>13</b>
5.1. LANDSLAG OG ÁSÝND	13
5.2. JARÐMYNDANIR	13
GRÓÐUR	14
FUGLAR	14
5.5. HLJÓÐMENGUN	15
<b>6. AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA</b>	<b>16</b>
<b>7. NIÐURSTAÐA</b>	<b>16</b>
<b>8. HEIMILDIR</b>	<b>17</b>

## FORMÁLI

Við Garð í Skútustaðahreppi er skilgreint athafnasvæði í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023. Þar er sömuleiðis í gildi deiliskipulag frá árinu 2014 þar sem gerð er grein fyrir um 7800 fm hraunnámu. Til stendur að breyta landnotkun í aðalskipulagi sem mun heimila efnistöku allt að 120.000 m<sup>3</sup>. Brýn þörf er á efni við sunnanvert Mývatn sem mun nýtast í lagningu göngu- og hjólastígs og aðrar framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru á svæðinu.

Fyrirhuguð efnistaka fellur í flokk 2.02 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og er því tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sem ber að taka ákvörðun um hvort tilkynningarskyldar framkvæmdir skuli háðar umhverfismati. Fyrirhuguð efnistaka er staðsett utan verndarsvæðis Mývatns og Laxár en gerir ráð fyrir röskun á eldhrauni sem nýtur verndar skv. 61. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og er því umsagnarskyld til Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar.

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu er hér kynnt fyrirhuguð efnistaka sem breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 - 2023 mun taka til.



**Mynd 1.** Staðsetning fyrirhugaðs efnistökusvæðis við Garð

# 1. YFIRLIT

## 1.1. ALMENNT

Sveitarfélagið Skútustaðahreppur kynnir hér framkvæmd við Garð í Mývatnssveit. Fyrirhugað er að taka efni úr námunni til framkvæmda við göngu- og hjólastíg og annarra framkvæmda á svæðinu. Samkvæmt deiliskipulagi athafnasvæðis í landi Garðs 2 hefur þegar verið tekið efni á um 7800 fm af því svæði sem aðalskipulagsbreytingin tekur til. Efnistökusvæðið er í um 400 m fjarlægð frá Mývatnssveitarvegi (848) og er í hvarfi frá veginum og hefur því takmörkuð áhrif á ásýnd frá vegi. Áætlanir eru um að efnið verði tekið á árunum 2022 - 2032. Að lokinni efnistöku eru áætlanir um að loka námunni og ganga frá henni. Hún verður þá mótuð í samræmi við aðliggjandi landslag og grædd upp í samráði við landeigendur.

## 1.2. MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR

Markmið efnistökkunnar er að útvega og vinna efni til að leggja göngu- og hjólastíg umhverfis Mývatn og annarra uppbyggingaráforma á svæðinu. Með lagningu göngu- og hjólastígs er markmiðið að auka öryggi vegfarenda sem leið eiga um Mývatnssveitarveg. Markmið með efnistöku á þessum stað er að nýta efni úr svæði sem hefur að hluta til áður verið raskað með efnistöku. Um svæðið hafa verið ruddir slóðar og áburði dreift í tilraun til landgræðslu á svæðinu. Að auki er meginmarkmið með staðsetningu efnistökusvæðis við Garð að hafa flutnings vegalengdir úr námu sem stýstar og þar með draga úr útblæstri, rykmengun, kostnaði og slyshættu.

## 1.3. MATSSKYLDA

Í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, tölulið 2.02 er tilgreint að tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar séu framkvæmdir sem svona er lýst:

*Efnistaka, utan þess sem tilgreint er í tölul. 2.01, þar sem áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m<sup>3</sup> eða meira, einnig efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra.*

## 1.4. AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR

Framkvæmdin byggir að mestu á efnisþörf fyrir lagningu göngu- og hjólastígs umhverfis Mývatn. Efnistakan afmarkast af hraunjaðri sem hefur verið raskað með jarðýtum vegna slóðagerðar sem nýttir hafa verið til landgræðslu. Á námusvæðinu er nú þegar hluti af 8,7 ha athafnasvæði þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu iðnaðarbíla. Fyrirhuguð efnistaka mun nýtast við framkvæmdir í nágrenninu og við lagningu göngu- og hjólastígs um Mývatn.

Fyrirhuguð efnistaka er í námunda við verndarsvæði Mývatns og Laxár sem njóta verndar skv. lögum nr. 97/2004 og því mun áhrifamat gera ráð fyrir þeim áhrifum sem efnistakan kunni að valda á verndarsvæðið.

Almennt er gert ráð fyrir að takmarka stærð framkvæmdasvæðis eins og unnt er og verður það tilgreint í gögnum sem afhent verða verktaka.

### 1.5. LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSAÐILAR

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan jarðarinnar Garðs 2. Við undirbúning framkvæmdarinnar hefur farið fram samráð verið við landeigendur að Garði 2 og skipulags- og matslýsing verið kynnt íbúum og hagsmunaaðilum. Við áframhaldandi undirbúning verður haft samráð við eftirtalda aðila:

- **Sveitarstjórn Skútustaðahrepps**, vegna framkvæmdaleyfis og undirbúnings efnistöku.
- **Skipulagsstofnun**, vegna matsskyldu framkvæmdarinnar.
- **Umhverfisstofnun**, um efnistöku og frágang á svæðinu.
- **Landgræðslu ríkisins**, um uppgræðslu að efnistöku lokinni.
- **Náttúrufræðistofnun Íslands**, vegna rasks á jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar.
- **Náttúruverndarnefnd Þingeyinga**, vegna rasks á jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar.
- **Minjastofnun Íslands**, vegna fornminja sem kunna að finnast á svæðinu.

### 1.6. RANNSÓKNIR OG EFNISGÆÐI

Ekki hefur verið gerð sérstök jarðfræði- eða efnisathugun á svæðinu. Þó er ljóst að það efni sem gert er ráð fyrir að vinna úr námunni er apalhraun sem felur yfirleitt í sér að að efstu 2 – 3 m hraunsins eru lausar hraunmyndanir. Þetta efni er nýtanlegt í bæði styrktarlag og sem fyllingarefni. Sé unnið dýpra í hraunið fæst mjög lítið ummyndað grjót, sem er oft talsvert blöðrótt, til vinnslu í burðarlag og klæðingu.

Ekki er talin þörf á sérstökum rannsóknnum á efnisgæðum vegna þessarar könnunar á matsskyldu.

### 1.7. SAMRÆMI VIÐ SKIPULAG

Náman er í samræmi við markmið sem sett eru fram í Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011 - 2023. Í aðalskipulaginu segir: *Æskilegt er að nám jarðefna fari eftir því sem hægt er fram á tiltölulega fáum afmörkuðum námusvæðum; fáar námur hafa minni neikvæð sjónræn áhrif í för með sér en margar litlar.*

*Miðað er við stuttar fjarlægðir frá nýtingarstað og minni háttar áhrif á umhverfið.*

*Gerð er krafa um góða umgengni, skipuleg vinnubrögð og snyrtilegan frágang að lokinni vinnslu.*

Við breytingu á aðalskipulagi er skilgreindu landbúnaðarsvæði breytt í efnistökusvæði á uppdrætti og í greinargerð verður viðkomandi efnistökusvæði bætt við.




**Mynd 2.** Fyrirhugað efnistökusvæði afmarkað á upprætti Aðalskipulags Skútustaðahrepps 2011 - 2023

### 1.8. VERNDARSVÆÐI

Fyrirhugað efnistökusvæði er staðsett rétt utan verndarsvæðis Mývatns og Laxár sem nýtur verndar skv. lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 97/2004. Við útfærslu efnistöku þarf að gera ráð fyrir þeim áhrifum sem efnistakan geti haft á verndargildi svæðisins og lágmarka ásýndaráhrif. Fyrirhugað efnistökusvæði er staðsett á svæði sem skilgreint er sem vatnsverndarsvæði Mývatns- og Laxár. Því er mikilvægt er að gæta vel að starfsemi á svæðinu valdi ekki mengun og að gerðar séu ráðstafanir gegn mengunarslysi.

Á svæðinu eru jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar og því þarf að leita umsagnar Umhverfisstofnunar og Náttúruverndarnefndar Þingeyinga áður en leyfi er veitt til framkvæmda.



**Mynd 3.** Fyrirhugað efnistökusvæði afmarkað á upprætti með tilliti til verndarsvæðis Mývatns og Laxár, sem sýnt er með láréttri strikun.

### 1.9. LEYFISVEITENDUR

- Aðalskipulagsbreyting er háð staðfestingu Skipulagsstofnunar, að undangengu samráði við almenning og hagsmunaaðila samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.
- Aðalskipulagsbreytingin er háð samþykki sveitarstjórnar Skútustaðahrepps samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.
- Skipulagsbreytingin gerir ráð fyrir framkvæmdum sem falla undir lið 2.01 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og er því tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar hvort hún sé háð mati á umhverfisáhrifum.
- Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku til Skútustaðahrepps, skv. skipulagslögum nr. 123/2010.
- Leita skal umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun og Náttúruverndarnefndar Þingeyinga um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði vistkerfum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Um efnistöku á landi gilda lög nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörð.
- Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar nema Minjastofnun veiti undanþágu gegn tilteknum skilyrðum skv. 16. gr. laga nr. 80/2012.
- Skv. 13. gr. laga um landgræðslu nr. 155/2018 skal við hvers kyns leyfisskyldar framkvæmdir, sem geta haft áhrif á gróður og jarðveg, sýna sérstaka aðgát til að lágmarka rask og leitast við að endurheimta vistkerfi sem verða fyrir raski.
- Framkvæmd efnistöku er háð starfsleyfi sem heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra veitir vegna efnistöku, efnislosunar og vinnubúða. Í gildi er reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti sem tilgreinir starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

## 2. STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI

### 2.1. STAÐHÆTTIR

Fyrirhugað efnistökusvæði er staðsett í um 400 m fjarlægð í suður frá Mývatnssveitarvegi (848) í landi Garðs 2 í Skútustaðahreppi. Svæðið er í um 3 km fjarlægð frá þéttbýlinu Skútustöðum og um 11 km frá þéttbýlinu Reykjahlíð. Fyrirhugað efnistökusvæði er staðsett á apalhrauni sem raskað hefur verið með slóðagerð við dreifingu lífræns áburðar í tilraun til uppgræðslu undanfarin ár. Efni hefur áður verið tekið af aðlægu svæði sem skilgreint er sem athafnasvæði með auðkenni 373-A í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 - 2023 og afmarkað í deiliskipulagi athafnasvæðis í landi Garðs 2. Hraunið sem um ræðir er hluti af Laxárhrauni yngra sem áætlað er að sé um 2200 ára gamalt (Ísor, e.d.).



**Mynd 4.** Horft yfir áhrifasvæðið til norðurs, grónir ýtuslóðar í forgrunni, Bláfjall í bakgrunni.

Efnistökusvæði 339-E er staðsett skammt frá fyrirhuguðu efnistökusvæði en þar er lítil gjallnáma sem notuð er til eigin nota. Næsta efnistökusvæði er í flugvallarnámu 324-E, í um 14 km fjarlægð til norðurs. Einnig eru að finna lítil og ókönnuð efnistökusvæði við Stangarafleggjara, 340-E og Hofsstaði, 341-E.

### 2.2. MANNVIRKI Í GRENND VIÐ FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ

Handan Mývatnssveitarvegjar, norðan við fyrirhugað efnistökusvæði eru íbúðarhús og landbúnaðarbyggingar tengd búsetu við Garð 1, 2 og 3. Aflað hefur verið upplýsinga um staðsetningu raflína, jarðsímastrengja og vatnslagna á fyrirhuguðu efnistökusvæði. Efnistöku verður hagað með tilliti til jarðstrengja og annarra innviða á svæðinu samráði við eftirlitsaðila.



## 3. FRAMKVÆMDALÝSING

### 3.1. EFNISMÁL

Úr fyrirhuguðu efnistökusvæði hefur efni verið ráðstafað til ýmissa framkvæmda í gegnum árin í samræmi við skilmála deiliskipulag athafnasvæðis í landi Garðs 2 fyrir reit 373-A í aðalskipulagi.

Nánari tilhögun við efnistöku og vinnslu verður útfærð í samráði við landeigendur og Umhverfisstofnun.

#### 3.1.1. Efnistaka

Í námunni eru apalhraun og gjall. Fyrirhugað er að nota efnið í styrktarlag og sem fyllingarefni. Einnig verður efni unnið í burðarlag og klæðingu. Svæðaskipting efnistöku verður útbúin við vinnu deiliskipulags.

Gert er ráð fyrir því að efnisvinnslu- og haugsvæði verði staðsett innan nýs efnistökusvæðis sem afmarkað er í breytingu á aðalskipulagi og innan athafnasvæðis 373-A sem þegar hefur verið nýtt og er í hvarfi frá Mývatnssveitarvegi (848).

Svæði sem raskað verður vegna efnistöku, geymslu- og frágangssvæðis er alls um 4,4 ha að stærð.

Vinna skal námuna í allt að 3-4 m háu stáli í framhaldi af þeirri efnisvinnslu sem hefur þegar verið unnin. Taka þarf mið af grunnvatnsstöðu og rannsaka hve grunnvatnsstaða á svæðinu. Skilyrði fyrir efnistöku á svæðinu er að grunnvatn sé hulið minnst 50 cm malarlagi.



**Mynd 5.** Í gryfju við fyrirhugað efnistökusvæði safnast vatn í dæld sem gefur mögulega til kynna grunnvatnsstöðu svæðisins.



**Mynd 6.** Kanntur efnistöku á núverandi athafnasvæði, hæð um 2 - 3 m frá botni námunnar

Efnið skal flokkað innan skilgreinds efnistökusvæðis. Það grjót sem ekki nýtist til framkvæmda skal nýta við landslagsmótun við lokafrágang námunnar.

Tenging námuvegar við Mývatnssveitarveg verður útfærð nánar í samráði við Vegagerðina. Ekki er gert ráð fyrir stækkun aðkeyrslusvæðis að námunni.



**Mynd 7.** Horft í átt að efnistökusvæði, tæki og rask vegna efnistöku ósýnileg frá vegi

Við frágang námunnar verður svæðið mótað þannig að það falli sem best að aðliggjandi landi. Miðað er við að náman verði notuð til næstu 10 ára fyrir framkvæmdir innan sveitarfélagsins og gengið frá henni að hluta til í lok hvernar efnistöku, þannig að svæðið verði aðgengilegt til frekari efnistöku.

Þegar efnistöku telst að fullu lokið verður gengið frá henni í samráði við landeigendur og Umhverfisstofnun.

### **3.2. FRAMKVÆMDATÍMI OG FRÁGANGUR**

Gert er ráð fyrir því að efnisvinnsla úr námunni hefjist sumarið 2022. Á árunum 2022 og 2030 verður tekið efni úr henni vegna framkvæmda á göngu- og hjólastíg umhverfis Mývatn.

Ekki er gert ráð fyrir tímabundinni vinnuástöðu eða kaffiskúr við námuna.

Vinnutilhögun í námunni verður ákvörðuð af Skútustaðahreppi í samráði við landeigendur og undir eftirliti skipulagsfulltrúa. Lagt verður upp með að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri, jarðvegi og ásýnd og náman ekki höfð opin lengur en nauðsyn krefur.

Vanda þarf allan frágang þeirra svæða sem raskað verður við efnistöku og efnisvinnslu. Að efnistöku lokinni verður frágangi hagað þannig að ekki skapist hætta á jarðvegsgrofi. Röskuð svæði verða mótuð í samræmi við landslag og halla umhverfis og brúnir efnistökusvæðis aðlagðar að landinu í kring.

Við frágang verður flutt til efni í jöðrum námunnar til að aðlaga námusvæðið betur að landi. Í lok framkvæmda verður lífrænum jarðvegi jafnað yfir þar sem hann er til staðar og staðargróðri

plantað niður. Á undanförunum árum hefur mikil vinna verið lögð í dreifingu áburðar og á milli hrauna er að finna grasi grónar breiður. Frágangur að efnistöku lokinni verður samræmdur við aðlægt landslag og ríkjandi gróðurfar.



**Mynd 8.** Grasi grónar breiður milli hrauna

Allur frágangur og uppgræðsla á námusvæðinu verður undirbúin í samráði landeigendur, landgræðsluna og Umhverfisstofnun.

## 4. UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR

Skilgreindir eru þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og hvaða framkvæmdaþættir það eru sem valda þeim.

### 4.1. ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM

Efnistaka veldur umhverfisáhrifum og getur rýrt verndargildi nálægra svæða. Umhverfisáhrif úr námu eru háð staðsetningu, magni og frágangi.

### 4.2. UMHVERFISÞÆTTIR SEM GETA ORÐIÐ FYRIR ÁHRIFUM

Efnistaka úr námu í landi Garðs 2 mun hafa í för með sér styttri efnisflutninga en aðrir kostir sem skoðaðir hafa verið og þar með draga úr mengandi útblæstri, kostnaði og slyshættu.

Þeir umhverfisþættir sem efnistakan getur haft áhrif á eru:

- Landslag / ásýnd
- Jarðmyndanir
- Gróður
- Fuglar
- Hljóðmengun

Til að neikvæð áhrif efnistökkunnar verði sem minnst verður náman aðlöguð landi eins vel og hægt er og áhersla lögð á að raska ósnertu landi sem minnst. Haft verður samráð við fagstofnanir og hagsmunaaðila til að draga úr neikvæðum áhrifum efnistökkunnar.

## 5. MÖGULEG UMHVERFISÁHRIF

### 5.1. LANDSLAG OG ÁSÝND

Fyrirhugað efnistökusvæði við Garð 2 er ekki á verndarsvæði og hefur verið raskað áður með efnistöku og slóðagerð. Svæðið nýtur þó sérstakrar verndar vegna jarðminja og er staðsett við jaðar verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Því þarf að huga sérstaklega vel að útliti og frágangi þess.

Með góðri hönnun, frágangi og eftirliti með framkvæmdum er hægt að draga verulega úr neikvæðum áhrifum efnistökkunnar á landslag. Stuðlað verður að því að röskun á landi verði sem minnst og að hún takmarkist fyrst og fremst við vel afmarkaðan efnistökuastað. Leitast verður við að útmörk námunnar falli sem best að landinu í kring. Lögð verður áhersla á vandaðan frágang og allur akstur vegavinnutækja utan markaðs framkvæmdasvæðis verður óheimill.

Lögð verður áhersla á að vinna við efnistöku verði í skjóli hraungarðs sem dregur úr ásýnd og upplifun þeirra sem ferðast um Mývatnssveit.

### 5.2. JARÐMYNDANIR

Svæðið einkennist af apalhrauni sem er eldhraun frá nútíma og nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Allar framkvæmdir á jarðminjum sem njóta verndar eru umsagnarskyldar til Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar.

### 5.3. GRÓÐUR

Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands einkennist gróðurfar á svæðinu af mosahraunavist og lynghraunavist, sem njóta miðlungs verndargildis (Náttúrufræðistofnun Íslands, e.d.).



**Mynd 9.** Gróðurfar á svæðinu, sina og fléttugrónir hraunkambar

### 5.4. FUGLAR

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands einkennist svæðið af rýru fuglalífi. Þar má gera ráð fyrir að finna tegundir eins og heiðlóu, spóa, þúfutittling, steindepil og rjúpu (Náttúrufræðistofnun Íslands, e.d.). Fuglalíf við Mývatn er hins vegar mjög ríkulegt. Mergð vatnafugla verpur á svæðinu og heldur þar til árið um kring. Um margar tegundir fugla sem dvelja á svæðinu lúta alþjóðlegum verndarviðmiðum, til dæmis duggönd, straumönd, húsönd, himbrimi og flórgoði (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2020).

Almennt við efnistöku verða helstu áhrif á fugla á framkvæmdatíma vegna skerðingar búsvæða og vegna hávaða við efnisvinnslu og umferð vinnuvéla. Gróður á því svæði sem fyrirhugað er að raska er að mestu rýrt sem hefur lítið aðdráttarafl fyrir mófugla. Áhrif framkvæmdarinnar á fugla á svæðinu verða tímabundin og staðbundin, vegna hávaða við efnisvinnslu og umferð vinnuvéla. Lagt verður til að efni verði unnið úr námunni utan þess tíma sem mestra áhrif kann að gæta á dýra- og fuglalíf á svæðinu. Gera má ráð fyrir að fyrirhuguð efnistaka muni hafa lítil áhrif á fuglalíf.

## 5.5. HLJÓÐMENGUN

Við vinnslu efnis munu stórvirkar vinnuvélar vera á vettvangi, brjóta niður efni, vinna það á staðnum og flytja af vettvangi. Gera má ráð fyrir ónæði af völdum efnisvinnslu á svæðinu en áhrifin eru staðbundin og dvína með fjarlægð. Áhrif af völdum hljóðmengunar eru ólíkleg til þess að hafa neikvæð áhrif á íbúa eða það dýralíf sem dvelur innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Til þess að tryggja sem minnst áhrif af völdum hljóðmengunar verður efnið unnið innan námunnar og munu því veggir námunnar hafa hindrandi áhrif á þá hljóðmengun sem þaðan berst. Einnig verður vinnslutíma efnistöku hagað þannig að áhrifin út fyrir skilgreint efnistökusvæði verði takmarkaður utan þess tíma sem mestra áhrifa kann að gæta á íbúa svæðisins og dýralíf á svæðinu.

## 6. AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA

- Skv. 1. mgr. 15. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi skal skipulagsfulltrúi hafa reglulegt eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum og ganga úr skugga um að þær séu í samræmi við útgefin leyfi. Skv. 3. mgr. 15. gr. sömu reglugerðar segir þó að heimilt sé að taka mið af eigin eftirliti framkvæmdaaðila þegar ákveðið er umfang lögboðins eftirlits skipulagsfulltrúa.
- Gert er ráð fyrir að græða upp svæðið að efnistöku lokinni. Leitað verður eftir ráðgjöf og aðstoð hjá Landgræðslu ríkisins um uppgræðsluna.
- Skútustaðahreppur mun sjá um eftirlit með framkvæmdum. Eftirlitið felst í því að sjá um að verktaki uppfylli það sem fram kemur í útboðsgögnum um framkvæmd verksins.
- Sveitarfélagið ber ábyrgð og heldur utan um efnisvinnslu á svæðinu og mun stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist fyrst og fremst við námusvæðið sjálft. Útmörk námunnar verða afmörkuð þannig að þau falli sem best að landslagi. Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við afmarkað námusvæði.
- Við frágang verður ónothæfu efni sem fellur til við efnisvinnsluna jafnað yfir botninn og komið fyrir við námustálið til að gera það minna áberandi.

## 7. NIÐURSTAÐA

Með því að nýta námu sem þegar er opin og í grennd við fyrirhuguð framkvæmdasvæði í stað þess að sækja efni í námur lengra í burtu, er mögulegt að draga úr efnisflutningum. Með því að stytta flutningsvegalengdir er dregið úr útblæstri, hávaða, ryki, kostnaði og slyshættu.

Skynsamlegt er að nýta það svæði sem staðsett er við athafnasvæðið að Garði og hefur þegar verið nýtt til efnistöku. Áður en efnistaka verður heimiluð úr námu við Garð 2 þarf að skera úr um umhverfismatsskyldu áætlunarinnar, vinna að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 - 2023 og sækja um framkvæmdaleyfi til Skútustaðahrepps.

Gera þarf úttekt á mögulegum minjum á svæðinu. Áhrif framkvæmdarinnar á gróður og fugla eru talin óveruleg en áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar verulega neikvæð.

Við framkvæmdir verður reynt að draga úr raski með því að takmarka framkvæmdasvæðið eins og hægt er. Við frágang verður haft samráð við Landgræðsluna og Umhverfisstofnun um aðgerðir til að gera sárið í landinu sem minnst áberandi.

Með góðri hönnun, frágangi og eftirliti með framkvæmdum er hægt að draga verulega úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á landslag.

Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst og haft samráð við hagsmunaaðila.



## 8. HEIMILDIR

Náttúrufræðistofnun Íslands (e.d.). Sótt þann 30. mars 2022 af <https://vistgerdakort.ni.is/>

Náttúrufræðistofnun Íslands (2020). Sótt þann 12. apríl 2022 af <https://vistgerdakort.ni.is/>

Ísor (e.d.). Sótt þann 5. apríl 2022 af

<https://arcgisserver.isor.is/?coordinate=65.57%2C-16.93&zoom=9>